

## AUGLÝSING

### um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis.

Hinn 2. janúar 2006 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Túnis sem gerður var í Genf 17. desember 2004. Alþingi hafði með ályktun 6. desember 2005 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn öðlaðist gildi 1. mars 2006.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 6. mars 2006.*

**Geir H. Haarde.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*